

7.stjórnarfundur EBAK fimmtudaginn 7. Sept 2023 kl. 16.

Mætt voru: Karl Erlendsson formaður, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Valgerður Jónsdóttir, Margrét Alfreðsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson og Elín Antonsdóttir. Fjarverandi voru Þóra Hjaltadóttir, Helgi Aðalsteinsson og Margrét Marvinsdóttir

Formaður setti fund kl 16.05

Fundargerð framkvæmdanefndar tekin fyrir.

1. Framkvæmdanefnd leggur til að vinna fari fram í uppfæra netföng og símanúmer félaga EBAK til að auðvelda samskipti við félagsmenn. Rætt um að stjórnin taki þetta að sér og hvort nota ætti netföng eða hringja í viðomandi. Meiri áhugi var fyrir að hringja í félagsmenn og það talið betri til árangurs.

Formaður kynnti til sögunnar App Spara og lagði til að fengin yrði kennsla á það, en á þann hátt geta félagsmenn ýmist haft félagsskírteini sitt í eigin síma eða sækja það á skrifstofu Ebak.

Formaður sagði frá nýjum hópi innan félagsins – kjaramálahópi sem Björn Snæbjörnsson mun fara fyrir. Almenn ánægja hjá stjórn og mikils vænst af hálfu hópsins.

2. Fundur um kjaramál eldri borgara verður haldinn í Naustaskóla 20. sept. Gert er ráð fyrir þremur fyrirlesurum; Birni Snæbjörnssyni, Þorbirni Guðmundssyni og Kristínu Jóhannsdóttur. Fundarstjóri verður Benedikt Sigurðarsson. Fulltrúar frá LEB munu koma á fundinn.
3. Formaður sagði frá komu Héðins Svarfdal verkefnisstjóra á fund framkvæmdanefndar hvar hann sagði frá hvernig starfið hefði gengið fram að þessu. Hann hefur séð um verkefnið – virk efri ár - hjá Akureyrarbæ. Þrjár lotur eru búnar og ein eftir til áramóta. Þá kynnti Héðinn framtíðarsýn sína og Akureyrarbæjar í starfinu. M.a. kynnti hann verkefnið Göngum í skólann – og óskaði eftir samstarfi við EBAK en þar

KRL Vagn
LH Sigfr
FVE

vantar m.a. sjálfboðaliða við gangbrautarvörslu á nokkrum stöðum morgna og hádegi Tekið var jákvætt í þetta og málinu vísað aftur til framkvæmdanefndar.

4. Formaður sagði frá fundi um Bugðusíðu 1 með fulltrúum Akureyrarbæjar, Sjálfsbjargar og EBAK. Þar voru ræddar ýmsar leiðir en ekkert ákveðið að svo stöddu nema hvað Akureyrarbær muni skoða málin. Framundan er svo fundur eða þann 14 sept. með bæjarráði þar sem könnuð verða viðbrögð og framhald viðræðna en þá stendur til að taka fyrir bréf EBAK. Fulltrúar EBAK verða Karl Erlendsson og Sigurður Harðarson.
5. Fulltrúar EBAK munu funda þann 14. sept. með Pétri Haraldssyni skipulagsstjóra Akureyrarbæjar um skipulag Móahverfis og tjaldsvæðareits. Bæjarráð hefur stofnað vinnuhóp í kringum vinnu við uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara. Stjórn Ebak telur eðlilegt að félagið eigi fulltrúa í starfshópnum.
6. Önnur mál
Karli Erlendssyni formanni og skrifstofustjóra félagsins finnst meiri þungi í starfinu en reiknað var með en samþykkt var í vor að hann væri 40% starfshlutfalli, sem síðan minnkaði í 30% í október. Umræður og samþykkt að hann héldi áfram 40%.

Tillaga kom fram um að fá Rauða krossinn til samvinnu um námskeið í fyrstu hjálp. Var það samþykkt.

Formaður greindi frá þingi 2. okt. um kjaramál aldraðra á vegum LEB. Samþykkt að Karl Erlendsson og fulltrúar frá nýkjörinni kjaramálanefnd sæki fundinn að hálfu EBAK.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 4. Okt kl. 16:00

Fleira ekki gert fundi slitið 17:25

Fundargerð ritaði Elín Antonsdóttir

Karl Erlendsson
Karl Erlendsson
Eiríkur Vagn Gu.
Sigurður Harðarson